

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1389
komudagur 6.3.2012

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 6. mars 2012


Umsögn Neytendasamtakanna við frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkamál nr. 91/1991, með síðari breytingum, 320. mál.

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að mál sem verða höfðuð vegna ágreinings um úrlausn gengistryggðra lána fái flýtimeðferð innan dómskerfisins. Þá er einnig lagt til að mál vegna ágreinings um lögmati verðtryggðra lána fái sömu meðferð.

Neytendasamtökin fagna framkomnu frumvarpi og hvetja eindregið til þess að það verði samþykkt. Sú óvissa sem hangir yfir íslenskum heimilum vegna úrlausnar á málum tengdum gengistryggðum lánunum er óviðundandi og brýnt að skorið verði úr þeirri réttaróvissu sem allra fyrst.

Neytendasamtökin styðja því eindregið ofangreint frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Jóhannes Gunnarsson